

## Lög

Nr. 58.

3. nóv.

um

mælingar á túnnum og matjurtagörðum.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Stjórnarráðið útnefnir hæfilega marga menn til mælinganna, en sýslunefndirnar gera tillögur um tilnefninguna; það semur reglugjörð um mælingarnar og lætur sýslunefndir hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

Undanþegin nýjum mælingum eru tún þau og matjurtagarðar, sem mæld hafa verið á síðustu 5 árum svo að ábyggilegt sje, en um ummálsdrætti þeirra fer svo sem fyrir er mælt í 2. gr.

## 2. gr.

Um leið og túnin eru mæld, skal gera ummálsdrátt af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið skal sent Stjórnarráðinu, en hitt jarðeiganda. Ummálsdrátturinn skal gerður eftir mælikvarðanum 1 : 2000.

## 3. gr.

Fyrir ummálsdrætti þá af túnnum og matjurtagörðum, sem Stjórnarráðinu eru látnir í tje, greiðir landssjóður 3 kr. fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, og skal fje þetta greiðast til oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar.

## 4. gr.

Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppssjóðum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynt hreppsnefnd á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár og hver kostnaðurinn var við það um fram það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, sem metin eru til dýrleika, en að hálfu eftir hundradatölu. Þó má sá helmingur, sem miðaður er við hundradatölu, aldrei fara fram úr 10 kr. á býli. Ábúanda er skylt að greiða þetta gjald og má taka það lögtaki. En leiguliða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíbúrg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*